

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á þremur svæðum á
Húsavík, Norðurbrekkur, Stórhóll/Hjarðarholt og Aksturslág.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2024/7



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Svæði 3, Aksturslág, mynd er tekin í suður.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2024/7

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	11
HEIMILDASKRÁ.....	12

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Húsavíkurbæ á þremur deiliskipulagssvæðum. Fyrsta svæðið er Norðurbrekkur sem er nyrsta íbúðarbyggð á Húsavík um 8,14 ha að stærð. Svæði tvö Stórhóll/Hjarðarholt er uppbyggt íbúðarsvæði um 11,04 ha að stærð. Þriðja svæðið Aksturslág, þjónustusvæði sunnan núverandi byggðar um 4,57 ha að stærð.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Norðurþing útvegaði. Fornleifaskráning hafði verið gerð af svæðinu árið 2002 en þarfnáðist uppfærslu út frá núverandi skráningarstöðlum. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í lok september og október 2024.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3384

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands, niðurrhalsgögn og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Til var fornleifaskráning af svæðinu frá 2002 en var krafa um uppfærslu á þeirri skráningu út frá núverandi skráningar stöðlum og jafnframt að kanna hvort einhverjar fleiri minjar hefðu bæst við síðustu tvo áratugi. Í þessu verkefni var notast við loftmyndir af svæðinu frá 1958 sem voru aðgengilegar á vefnum map.is. Á þeim fundust nokkrir minjastaðir til viðbótar sem nú eru horfnir vegna seinni tíma framkvæmda. Þegar öll þessi gögn höfðu verið yfirfarin var farið í vettvangskönnun þar sem gengið var um framkvæmdasvæðið. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmyndum frá Loftmyndum ehf. frá 2020 sem Norðurþing útvegaði.

4. Fornleifaskráning

Fornleifanúmer: 3384-01

Hnit: A575347.3 N616778.9 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Í eldri fornleifaskráningu segir að samkvæmt túnakorti hafi verið býli með þremur útihúsum nokkurn veginn þar sem Stórhóll 6 er í dag, steipt íbúðarhús á einni hæð og sléttu lóð í kring. Þar segir einnig að heimildarmaður hafi ekki vitað um býli á þessum slóðum.⁷ Á loftmynd frá 1955⁸ má sjá að búið er að slétta út svæðið líklega vegna efnistöku og engin ummerki af eldri mannvirkjum.

Fornleifanúmer: 3384-02

Hnit: A575292.2 N616766.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús þar sem Stórhóll 43 stendur í dag, engin ummerki eru um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3384-03

Hnit: A575349.2 N616836.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús fast austan við þar sem Stórhóll 69 er í dag, engin ummerki eru á bílaplani

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁷ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 37.

⁸ Landmælingar Íslands - Loftmyndasafn 1955.

Fornleifanúmer: 3384-04

Hnit: A575295.8 N616864.9 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús fast austan við þar sem Stórhóll 79 er í dag, engin ummerki eru um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3384-05

Hnit: A575277.7 N616891.8 ISN93

Hlutverk: Matjurtargarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 8 m norð-vestur af húsinu á lóðinni Stórhóli 79 eru leifar af kálgarði. Garðlagið er í grasi gróinni brekku. Lengd þess er um 8 m í vestur og 12 m í norður. Í austur efst í brekkunni er það um 15 m langt áður en það rofnar við göngustíg. Skammt sunnan við göngustíginn virðist það liggja áfram um 17 m. Engar leifar sjást af suðurveggjum. Breidd garðlagsins var um 1,1-1,3 m og hæð 0,1-0,3 m. Á loftmynd frá 1958 virðist austasti hlutinn af garðlaginu tilheyra stærra garðlagi sem nær bæði lengra í norður og suður heldur en hægt er að sjá í dag.



Mynd 1. Kálgarður, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 3384-06

Hnit: A575188.2 N616909.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt eldri fornleifaskráningu voru tvö útihús af túnakorti skammt suður af Garðarsbraut 63. Samkvæmt heimildarmani þá hét húsið á Garðarsbraut 63 Hjarðarholt og sunnan við það voru fjárhús og hlaða.⁹ Á loftmyndum frá 1955¹⁰ og alveg til 1981¹¹ sjást tvö sambyggð hús og syðra húsið nokkuð stærra heldur en hitt. Heimildarmaður þekkti ekki aldur þessara útihúsa taldi jafnvel að þau gætu hafa verið endurbyggingar af eldri mannvirkjum.¹² Á loftmyndinni þá var húsið fyrir norðan nokkuð minna eins og var á túnakortinu. Hins vegar á túnakortinu var bil á milli húsanna ólíkt því sem sést á loftmyndinni. Því er talið að mannvirkin á loftmyndinni séu seinni tíma byggingar. Í eldri fornleifaskráningu þá er sagt að

⁹ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

¹⁰ Landmælingar Íslands - Loftmyndasafn 1955.

¹¹ Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá.

¹² Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

dæld um 18X7 m sé þar sem syðra húsið var.¹³ Dældin er enn sýnileg í dag en líklegt er að hún sé yngri heldur en mannvirkin á túnakortinu. Syðra húsið hefur verið staðsett í kringum 40 m suður af húsinu á lóðinni á Garðarsbraut 63 (Hjarðarholti) í dældinni. Engin önnur ummerki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3384-07

Hnit: A575192.0 M616921.9 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt eldri fornleifaskráningu voru tvö útihús af túnakorti skammt suður af Garðarsbraut 63. Það minna hefur verið um 30 m suður af húsinu á Garðarsbraut 63, engin ummerki um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3384-08

Hnit: A575186.4 N616609.8 ISN93

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Á loftmynd frá 1958 sést tvískipt tóft nokkurn veginn þar sem slétt grasflöt er í dag í horninu sunnan við Þverholt og austan við Laugarholt.¹⁴ Líklega eins hverskonar rétt eða aðhald þar sem afgirt hólf er til austurs við tóftina.

Fornleifanúmer: 3384-09

Hnit: A575279.8 N616645.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á loftmynd frá 1958 sjást þrjár tóftir með skömmu millibili. Fyrsta tóftin var á svipuðum slóðum og húsið á Stórhóli 23 stendur í dag.¹⁵

Fornleifanúmer: 3384-10

Hnit: A575281.8 N616659.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á loftmynd frá 1958 sjást þrjár tóftir með skömmu millibili. Önnur tóftin skammt norðan við tóft nr. 3384-09, var á svipuðum slóðum og húsið á lóðinni Stórhóli 21 stendur í dag.¹⁶

Fornleifanúmer: 3384-11

Hnit: A575297.8 N616661.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á loftmynd frá 1958 sjást þrjár tóftir með skömmu millibili. Þriðja tóftin var skammt austan við tóft 3384-10 á svipuðum slóðum og bílaplan er núna á lóðinni Stórhól 21.¹⁷

Fornleifanúmer: 3384-12

Hnit: A575266.2 N616618.2 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Heimild

Á loftmynd frá 1958 sést móta fyrir um 11 m garðlagi sem snýr nokkurn veginn norður-suður á veginum Þverholti á milli raðhúsanna á Stórhóli 17-31. Á loftmyndinni má sjá afgirt hólf á þessum slóðum og kemur garðlagið úr um það bil miðri suður hliðinni á því.¹⁸ Ekki er hægt

¹³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 37.

¹⁴ Loftmyndir ehf - MAP.IS


¹⁵ Loftmyndir ehf - MAP.IS

¹⁶ Loftmyndir ehf - MAP.IS

¹⁷ Loftmyndir ehf - MAP.IS

¹⁸ Loftmyndir ehf - MAP.IS

að sjá hvort hólfið hafi verið afgirt með garðlagi eða girðingu en þetta garðlag er samtengt þessu afgirta hólfi. Engin ummerki eru lengur á staðnum um þessi mannvirki.



Mynd 2. Tóftir á loftmynd frá 1958 af vefsíðu Loftmynda ehf. á map.is.

Fornleifanúmer: 3384-13

Hnit: A575348.2 N616656.3 ISN93

Sérheiti: Vilpustekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands segir: „Mundlaugarlág var grasigróin lág rétt norðan við Langholtið. Breið niður við sjó, en mjókkaði upp. Þjóðvegurinn liggur yfir hana.

...Ofarlega í Mundlaugarlág var Vilpustekkur, þar sem sá fyrir tóftum.“¹⁹ Búið er að afmarka Vilpustekk í örnefnasjá Landmælinga Íslands samkvæmt því hefur Vilpustekkur verið á svipuðum slóðum og garðurinn er núna vestan við húsið á lóðinni Stórhól 7.²⁰ Engin ummerki eru á staðnum um eldri mannvirki

Fornleifanúmer: 3384-14

Hnit: A575214.0 N616599.8 ISN93

Sérheiti: Mundlaugarlág

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands segir: „Mundlaugarlág var grasigróin lág rétt norðan við Langholtið. Breið niður við sjó, en mjókkaði upp. Þjóðvegurinn liggur yfir hana.“²¹ Búið var að afmarka Mundlaugarlág í örnefnasjá Landmælinga Íslands og var hún á svipuðum slóðum og brautin Þverholt liggur í dag.²² Samkvæmt heimildarmanni þá hafði hann heyrt að þarna hafi verið lítill lækur eða uppspretta og ferðamenn hafi þvegið sér og greitt í Mundlaugarlág áður en þeir komu inn í kaupstaðinn.²³

¹⁹ Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands, bls. 2-3.

²⁰ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá

²¹ Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands, bls. 2.

²² Landmælingar Íslands – Örnefnasjá

²³ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 3384-15

Hnit: A575214.0 N616599.8 ISN93

Sérheiti: Aksturslág

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands segir: „Aksturslág liggur frá Þorvaldsstaðaá við veginn til suðurs austan undir Haukamýrarás, og í framhaldi af henni taka við tvær lágur, sem heita Króklágar, Austari- og Vestari-, og eru þær aðskildar með Króklágarholti. Um Aksturslág og Vestari-Króklág og framhjá Gvendarsteini lá gamli vegurinn og akstursleiðin að vetri til.“²⁴ Búið var að afmarka Aksturslág í örnefnasjá Landmælinga Íslands og liggur hún austan þjóðvegarins til Húsavíkur fyrir ofan húsinn á lóðunum Haukamýri 2, 3, 4, 5, 7, Kringlumýri 2 og endaði fyrir ofan Þingeyjarsýslubraut 2. Ekki var hægt að sjá ummerki um þennan veg, samkvæmt heimildarmanni þá eru þeir vegaslóðar sem eru þarna í dag seinni tíma slóðar.²⁵

²⁴ Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands, bls. 1.

²⁵ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.



--- Deiliskipulagssvæði

nafn:	SVÆÐI 1: NORÐURBREKKUR	teikn.	10.12.2024 hj	Skýringar: SVÆÐI 1: Afmörkun deiliskipulagssvæðis á Norðurbrekkum, nyrstu íbúðarbyggð á Húsavík.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	NORÐURÞING	mælikv.	1:3000 í A4		Unnið eftir mynd nr. e509 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2020



nafn: Svæði 2: Stórhóll/Hjarðarholt	teikn. 10.12.2024 hj	Skýringar: Svæði 2: Afmörkun deiliskipulagssvæðis á Stórhólli/Hjarðarholti (uppbyggt íbúðarsvæði). Fornleifar og heimildir um fornleifar á svæðinu.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
NORDURÞING	mælikv. 1:3000 í A4		Unnið eftir mynd nr. e509 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2020



- - - Deiliskipulagssvæði
- Afmörkun örnefna Landmælinga Íslands
- Heimildir um fornleifar

nafn:	SVÆÐI 3: AKSTURSLÁG	teikn.	10.12.2024 hj	Skýringar: Svæði 3: Afmörkun deiliskipulagssvæðisins Aksturslág (þjónustusvæði sunnan núverandi byggðar). Heimildir um fornleifar innan svæðis.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	NORÐURÞING	mælikv.	1:3000 í A4		Unnið eftir mynd nr. e509 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2020

5. Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um þrjú aðskilin deiliskipulagssvæði í og nærri Húsavík. Fyrsta svæðið er Norðurbrekkur sem er nyrsta íbúðarbyggðin á Húsavík. Ekki fundust neinar heimildir um fornleifar á því svæði né var hægt að sjá ummerki um að svo hafi verið í vettvangssrannsókni.

Svæði tvö er að miklu leyti íbúðarbyggð í dag byggð upp af götunum Hjarðarholti, Baughóli og Stórhóli. Í eldri skráningu voru átta minjastaðir skráðir, þar af einn sýnilegur. Í þessari skráningu bættust við þessa staði sex heimildir um minjastaði til viðbótar. Flestir þeirra fundust á loftmynd frá 1958.

Svæði þrjú er Aksturslág þjónustusvæði sunnan núverandi byggðar og eini minjastaðurinn sem skráður var þar voru heimildir um gamlan vetrarveg, Aksturslág sem er horfinn í dag. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að þeir séu ekki sýnilegir þá geta alltaf verið leifar af þeim undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Í þeim tilfellum verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 20 desember 2024
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2002). Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn. Svæði nr:72 - Húsavík. Tökudagur: 1955-08-04. Sótt af <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn> Skoðað 07.07.2024.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá. Sótt af <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 10.11.2024.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 10.11.2024

Loftmyndir ehf - MAP.IS Sótt af <https://www.map.is/base/@540474,576842,z12,0> Skoðað 10.11.2024

Heimildarmenn:

Halldór Valdemarsson, 1950, Garðarsbraut 37, Húsavík.

Túnakort:

Uppdráttur af Túnum í Húsavíkur þorpi í Húsavíkurbreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Nr. 4. Akureyri Prentsmiðja Odds Björnssonar. 1919.

Örnefnaskrár:

Húsavík og Bakkaland. Húsavík. Suður-Þingeyjarsýsla. Sr. Björn H. Jónsson endursamdi skrá Ara Gíslasonar. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.